

Stofnfundur Foreldrafélags Stekkjaskóla

16. desember 2021

Mætt:

3 stjórnendur frá Stekkjaskóla

2 úr undirbúningsnefnd foreldrafélags

9 fundargestir

Hilmar Björgvinsson setur fund kl. 20:05, býður sig fram í fundarstjórn og er samþykktur samhljóða. Kristjana Sigríður Skúladóttir tekur að sér fundarritun og er samþykkt samhljóða.

- Hilmar fer yfir drög að lögum foreldrafélagsins sem undirbúningsnefnd hefur unnið að. Skv. undirbúningsnefnd var reynt að hafa lögin einföld, greinagóð og auðskiljanleg. Þau eru opin og gefa svigrúm fyrir nýja stjórn til að móta og aðlaga að sínum áherslum ef þörf er á.
 - í 4. grein þarf að breyta orðalagi í 5. punkti: að leggja skólayfirvöldum lið, en ekki veita eins og stendur nú.
 - Stuttar umræður um lög félagsins, markmið þeirra og orðalag.
 - Lögin samþykkt samhljóða á fundinum.
- Kosning formanns og annarra stjórnarmanna:
 - Pétur Aðalsteinsson býður sig fram í formann og er samþykktur samhljóða meðal fundargesta. Kristjana Sigríður Skúladóttir, Sólveig Ingadóttir, Guðjón Bjarni Hálfðánarson og Eva María Pétursdóttir bjóða sig fram í stjórn og eru samþykkt.
- Kosning skoðunarmanns reikninga:
 - Berglind Ósk býður sig fram og er samþykkt.
- Kosning tveggja fulltrúa í skólaráð:
 - Stutt samtal um hlutverk skólaráðs og hlutverk fulltrúa þess.
 - Smári Hallgrímsson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson bjóða sig fram, samþykktir.
- Ákvörðun árgjalds: 2000 kr. á heimili samþykkt, óháð fjölda barna.
- Önnur mál:
 - Hilmar skólastjóri óskar eftir foreldrafulltrúa í matsteymi skólans, þátttaka hans er lögbundin, en hlutverk hans er að taka þátt í innra mati skólans. Matskönnun sveitarfélagsins er nýafstaðin. Hlutverk matsteymis á verður á nýju ári að rýna niðurstöður könnunar og gera umbótaráætlun. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk á vegum sveitarfélagsins. Úrtak nemenda á hverju ári, úrtak foreldra og starfsmanna annað hvert ár.
 - Fundargestir aðalfundar samþykkja að stjórn foreldrafélags finni fulltrúa í matsteymi skólans á fyrsta fundi stjórnar.
- Samtal um mikilvægi þess að skólasamfélagið sé í góðu jafnvægi, að allir hlutaðeigandi hafi rödd og að málefni séu rædd á réttum vettvangi þegar þau koma upp.
- Samtal um hlutverk foreldrafélags: að vera vettvangur foreldra og hafa milligöngu um ýmis mál sem upp kunna að koma.
- Samtal um aðstöðu skólans, samnýtingu á íþróttahúsnæði í sveitarfélaginu, stutt sýnikennsla á gagnvirka snjalltöflu með ýmis konar náms- og hreyfileikjum.
- Fundi slitið kl. 21:20